

-Samstíga- samskiptasáttmáli Háskólans á Hólum



Virðing

Fagmennska

Sköpun

Samvinna

Gagnsæi

Heiðarleiki

Inngangur

Samskiptasáttmáli Háskólans á Hólum er ritaður af okkur, starfsfólki skólans fyrir starfsfólk og nemendur. Hann er afrakstur vinnu sem fór fram á fundum allra deilda skólans með verkefnastjóra Raket Heiðmarsdóttur frá Birki ráðgjöf þar sem við skrifuðum orð eða stuttar setningar til að lýsa því hvernig við viljum haga samskiptum starfsfólks og nemenda innan stofnunarinnar.

Tilgangur sáttmálans er að styrkja skólastarfið og skýra þær leiðir sem við, starfsfólkið, kjósum að nota í samskiptum okkar. Einn fulltrúi úr hverri hinna fjögurra deilda skólans var tilnefndur í starfshóp til að vinna með verkefnastjóranum úr punktum frá vinnufundunum. Orð og setningar starfsfólksins voru í sumum tilfellum notuð orðrétt og í öðrum tilfellum umorðuð til að ná kjarna þeirra skilaboða sem við höfðum fram að færa. Gildi háskólans fagmennska, virðing og sköpun voru leiðarljós á vinnufundunum. Þannig lögðum við öll okkar lóð á vogarskálarnar til að bæta og efla okkar litla samfélag. Sáttmálinn sem hér lítur dagsins ljós er okkar allra og það er von okkar í starfshópnum að hann verði öllum til heilla.

Elisabeth Jansen,
Kári Heiðar Árnason,
Sigríður Sigurðardóttir,
Þuríður Helga Jónasdóttir.

Virðing

Við komum fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur

- Við sýnum ætíð virðingu í samskiptum
- Við tölum af virðingu um samstarfsfólk og nemendur utan vinnu sem innan
- Samskipti okkar eru uppbyggileg og örvandi
- Við sýnum kurteisi og háttvísi
- Við hlustum af athygli
- Við sýnum hvert öðru umhyggju og tillitssemi
- Við fögnum fjölbreytileika

Fagmennska

Við tökum ábyrgð, bæði á okkur sjálfum og verkefnum okkar og leggjum áherslu á vandvirkni og framfarir

- Við sýnum samvirkusemi og ábyrgð
- Við leggjum áherslu á fagmennsku og virka upplýsingamiðlun
 - Við rýnum til gagns
- Við tökum uppbyggilegri gagnrýni vel
 - Við beitum sjálfsrýni
- Við virðum ákvarðanir meirihlutans
 - Við höldum trúnað
- Við virðum siðareglur skólans

Sköpun

Við erum víðsýn og lausnamiðuð í samskiptum og fögnum breytingum til bóta

- Við erum sveigjanleg og opin fyrir nýjum hugmyndum
- Við ræðum saman um lausnir á vandamálum
- Við viljum finna bestu sameiginlegu niðurstöðuna

Heiðarleiki

Heilindi og uppbyggileg orðræða eru forsenda þess að traust myndist í samskiptum

- Við segjum satt, erum hreinskilin og einlæg
- Við ræðum erfið málefni á uppbyggilegan hátt
- Við viðurkennum þegar okkur verða á mistök

Gagnsæi

Upplýsingar eru forsendur faglegra vinnubragða og eiga að vera skýrar, hnitmiðaðar og aðgengilegar

- Við deilum mikilvægum upplýsingum
- Við leggjum áherslu á vandaðar upplýsingar
- Við miðlum upplýsingum tímanlega
- Við höfum upplýsingar rekjanlegar

Samvinna

Við erum sterk liðsheild og saman náum við árangri

- Við erum samvinnufús
- Við höfum virkt samráð hvert við annað
- Við bjóðum öllum sem hlut eiga að máli að taka þátt í umræðum
- Við leggjum okkur fram um að skapa jákvætt andrúmsloft
- Við erum jákvæð og spyrjum hvað við getum gert betur
- Við hvetjum og hrósum



Framkvæmd og eftirfylgni

Það er á ábyrgð okkar allra, starfsfólks og nemenda skólans, að framfylgja samskipta-sáttmálanum og halda honum lifandi. Dagur samskiptasáttmálans verður árlega, fyrsta miðvikudag í nóvember. Þá rýnum við niðurstöður mælinga á árangri sáttmálans og veljum áherslur næsta árs. Minnum okkur sjálf - og hvert annað - á innihald hans reglulega. Ef við teljum að framkoma einhvers samstarfsfélaga eða nemanda sé ekki í samræmi við sáttmálann er rétt að benda viðkomandi á það á uppbyggilegan og lausnamiðaðan hátt. Það er mikilvægt að við getum tekið á móti slíkum ábendingum af virðingu og háttvísi og að við séum tilbúin að rýna okkar eigin framkomu og tækifæri til bóta. Ef einhver tekur ekki mark á ábendingu varðandi framkomu sína er rétt að ræða málið við yfirmann.